

Alþingi
Erindi nr. P 141/1552
komudagur 13.2.2013



Reykjavík, 13. febrúar 2013

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um sölu fasteigna og skipa, 457. mál.

SFF styðja heilshugar þá breytingu sem lögð er til í frumvarpi til nýrra laga um sölu fasteigna- og skipa, sem felst í því að afnema einkarétt fasteignasala til að hafa milligöngu um sölu atvinnufyrirtækja annarra en hlutafélaga. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins þá hefur tíðkast að fjármálafyrirtæki hafi milligöngu um sölu stórra einkahlutafélaga. Umtalsverð reynsla er af sölu hlutafélaga og atvinnufyrirtækja innan fjármálafyrirtækja og þar er að finna viðmikla sérfræðiþekkingu á sölu slíkra félaga.

SFF taka ennfremur undir ummæli sem er að finna í greinargerð frumvarpsins, þess efnis að skoðað verði hvort rétt sé að lögfesta reglur um milligöngu við sölu atvinnufyrirtækja, þannig að tryggt verði að þeir aðilar sem stunda milligöngu um sölu atvinnufyrirtækja hafi til þess þekkingu, reynslu, styrk og mótaða verklagshætti. Í kjölfar þess mikla umróts og áfalla sem áttu sér stað á fjármálamarkaðinum haustið 2008 hefur landslagið í þeim geira tekið talsverðum breytingum. Hafa margvísleg fyrirtæki sprottið upp og boðið fram þjónustu sína við veitingu ráðgjafar af ýmsu tagi þ.á m. þjónustu vegna verkefna sem eru starfsleyfissskyld samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, án þess að þessi fyrirtæki hafi til þess tilskilin starfsleyfi.¹ SFF hvetja til þess að stemmt verði stigu við slíkri skuggastarfsemi um leið og tryggt verði að þeir aðilar sem fá heimildir til að veita ráðgjöf við sölu atvinnufyrirtækja hafi til þess bæra þekkingu og reynslu.

Virðingarfyllst,

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

¹ Með starfsleyfissskyldri þjónustu er t.a.m. átt við fjárfestingarráðgjöf skv. d-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og e-liður 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki.